Kröfur móta í áhaldafimleikum karla 2026-2027

Áhaldafimleikar karla

Berist til yfirþjálfara, þjálfara og dómara í áhaldafimleikum karla.

Í frjálsum æfingum verður keppt eftir alþjóðlegum dómarareglum FIG (Code of Points, COP(Code MAG 14 April 2025)) 2025-2028, sem gildir til 31. desember 2028, og fréttabréfum frá FIG sem geta bæst við.

Í þrepunum verður keppt eftir dómarareglum Íslenska fimleikastiga karla 2025 - 2028, útgáfu 10, sem gildir til lok árs 2028, og viðbætum sem geta bæst við frá tækninefnd karla.

Eins og getið er til í alþjóðlegu dómarareglunum, er mælst til þess að keppendur framkvæmi einungis þær æfingar sem þeir geta gert af fyllsta öryggi og með réttri tæknilegri útfærslu, sjá Alþjóðlegu dómarareglurnar, COP grein 7.4 atriði 2 bls. 15.

Aldursflokkar

Í einstaklingskeppni er aldursflokkaskipting skv. Móta- og keppnisreglum FSÍ og fjölda þátttakenda.

Aldursflokkar í frjálsum æfingum

Keppt er í þremur aldursflokkum í frjálsum æfingum, aldursflokkar eru ekki sameinaðir. Karlaflokki (senior, FIG reglur), unglingaflokki (junior, FIG junior reglur) og drengjaflokki (youth, FIG junior reglur).

Flokkur	Aldur	2026	2027
Karlaflokkur	18 ára og eldri	´08 og fyrr	´09 og fyrr
Unglingaflokkur	14 – 18 ára	´08, ´09, ´10, ´11, ´12	´09, ´10, ´11, ´12, ´13
Drengjaflokkur	11 – 14 ára	´12, ´13, ´14, ´15	´13, ´14, ´15, ´16

Keppi einstaklingur sem hefur val um flokk, í eldri flokk, getur hann ekki keppt aftur í yngri flokk.

Aldursflokkar í þrepum

Keppt verður í eftirfarandi aldurshópum á þrepamótum FSÍ:

Þrep		
3. þrep	12 ára og yngri	13 ára og eldri
2. þrep	13 ára og yngri	14 ára og eldri
1. þrep	14 ára og yngri	15 ára og eldri

Á Bikarmeistaramóti er ekki aldursflokkaskipting.

Innihald móta

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla (TK) hvetur félögin til þess að halda boðsmót og að sækja mót erlendis til þess að fá frekari reynslu fyrir keppendur, þjálfara og dómara.

Keppt er í einstaklingskeppni í 4. og 5. þrepi Fimleikastigans. Verðlaun eru veitt fyrir árangur í þrepunum þar sem 75 stig eða meira gefa gull, 70-74,9 stig silfur, og undir 70 stigum gefa brons. Þegar keppandi hefur náð tilskildum stigum til að ljúka þrepi er honum engu að síður heimilt að keppa áfram í því þrepi út yfirstandandi keppnistímabil, ef þjálfari og keppandi kjósa svo. Þannig gefst keppendum kostur á að mæta aftur á næsta þrepamót til að freista þess að bæta árangur sinn. Keppendur í 3.–1. þrepi keppa út keppnistímabilið og ljúka þrepi með því að keppa á Íslandsmóti.

Haustmót í áhaldafimleikum (Frjálsar, 1., 2., og 3. þrep)

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum. Þátttökuskilyrði í frjálsum æfingum eru að hafa náð aldri til að keppa í einum af þremur aldursflokkunum. Keppni CII og CIII á stökki.

Þrepamót 1 (haust) (4. – 5. þrep)

Veitt eru verðlaun fyrir að ná þrepi.

Þrepamót (1. – 3. þrep)

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum.

Þrepamót 2 og 3 (4. – 5. þrep)

Veitt eru verðlaun fyrir að ná þrepi.

Bikarmót (Frjálsar) (1., 2., og 3. þrep)

Liðakeppni – Keppni CIV – fjöldi liða frá félagi er frjáls. Félög sem eiga ekki lágmarks keppendafjölda geta sótt um til TK/FSÍ að hafa sameiginlegt lið. Sameiginlega liðið verður að keppa í eins keppnisbolum.

Ef félag nær ekki í keppnislið fyrir mótið eða að þær aðstæður komi upp á mótsstað t.d. forföll keppenda áður skráðra liða sem falla vegna þessa úr liðakeppni, fá þeir einstaklingar að keppa sem gestir.

Fjöldi þjálfara á keppnissvæði með hverju liði er tveir skv. reglum FIG, töflu í grein 3.2 bls. 9.

Lið þurfa að skila inn keppnisröð á hverju áhaldi á mótsstað á þjálfarafundi.

Þátttökuskilyrði í frjálsum æfingum eru að hafa náð aldri til að keppa í einum af þremur aldursflokkum.

Einstaklingur keppir bara með einu liði á mótinu.

	Lið	Gestir/varamenn
Frjálsar, 1. og 2. þrep	5-5-3: 5 í liði, 5 keppa og 3 telja til stiga	2
3. þrep	6-6-4: 6 í liði, 6 keppa og 4 telja til stiga	3

Íslandsmót í þrepum (1. – 3. þrep)

Keppt til verðlauna í fjölþraut. Allir þeir sem ná þrepinu sínu fá þátttökurétt á Íslandsmót.

Að lágmarki fá hæstu 10 keppendur á Haust-, Þrepa- eða Bikarmóti keppnisrétt.

Íslandsmót í áhaldafimleikum (frjálsar æfingar)

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum í unglingaflokki og karlaflokki

Þátttökuskilyrði eru að vera keppandi í frjálsum æfingum eða 1.þrepi Íslenska fimleikastigans á keppnistímabilinu.

Laugardagur

Fjölþraut: Keppt í karla-og unglingaflokki. Keppni CI og II, þeir sem keppa í undankeppni til úrslita á stökki gera 2 stökk.

Sunnudagur

Úrslit á einstökum áhöldum: Keppt í karla- og unglingaflokki. 5 hæstu frá laugardeginum komast í úrslit á hverju áhaldi í hvorum aldursflokki. Keppni CIII.

Vormót

Keppt er til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum í þremur aldursflokkum. Þátttökuskilyrði er að hafa keppt áður í 3. þrepi eða ofar.

Meistari Meistaranna 2027

Stigahæsti keppandi á mótum ársins stendur uppi sem sigurvegari í keppninni Meistari meistaranna í unglingaflokki og karlaflokki. Þau mót sem telja inn í keppnina eru: Bikarmeistaramót, Íslandsmeistaramót CI (ekki CIII), Vormót og Haustmót. Haustmótið er jafnframt síðasta mót stigakeppninnar og fer verðlaunaafhendingin fram á því móti.

Dýnur á mótum

Skjalið „Dýnur á mótum“ fer yfir reglur um notkun auka öryggisdýna á mótum innanlands.

Skráning keppenda og þjálfara á mót

Mikilvægt er að keppendur séu skráðir á mót FSÍ á tilsettum tíma til að fá þátttökurétt og einnig að forföll séu tilkynnt til FSÍ sem allra fyrst þar sem þau hafa áhrif á hópaskipan og tímasetningar móta.

Keppni í íslenska fimleikastiganum er heimil óháð kynjum fram að 14 aldursári. Á 14 aldursári þarf aðildafélag keppanda að óska eftir því að hvert mál fyrir sig verði skoðað af viðeigandi fagnefnd Fimleikasambandsins.

Kynsegin einstaklingar geta keppt í þeim flokki/grein sem þeir samsama sig með og lúta þá þeim reglum sem fylgja flokki/grein. Ekki er í boði að keppa í fleiri en einum flokki/grein á sama móti.

Þar sem Alþjóðafimleikasambandið hefur ekki sambærilega heimild í sínum reglum gilda þessar reglur ekki um þátttöku í landsliði á vegum sambandsins.

Af gefnu tilefni vill tækninefnd karla FSÍ minna þjálfara og keppendur á gildandi reglur varðandi fatnað keppenda á FSÍ mótum. Keppnisfatnaður skal vera í samræmi við reglur FIG, sjá grein 2.3 bls 7-8, á öllum mótum FSÍ. Sé þessum reglum ekki fylgt eftir verður frádrætti beitt samkvæmt reglum FIG, sjá greinar 2 og 3 bls. 5-12. Þetta gildir um keppni í bæði frjálsum æfingum og þrepum.

Tveir þjálfarar frá félagi á lið á áhald þegar keppendur eru fleiri en þrír, annars einn þjálfari á lið á áhald. Á Íslandsmót, keppni CIII er einn þjálfari á keppanda leyfður.

Mælst er til að þjálfarar sjái til þess að keppendur ráði við sínar keppnisæfingar og geti framkvæmt þær af öryggi. Iðkandi þarf ekki að ná þrepi til að hækka sig upp um þrep. Hinsvegar þarf keppandi að keppa á móti í hverju þrepi fyrir framan dómara og sýna fram á hæfnina til að stíga upp úr þrepinu. Ef keppandi hefur náð tilsettum stigum í fjölþraut á keppnistímabilinu skal hann hækka um þrep á næsta keppnistímabili.

Skráning dómara á mót

Er samkvæmt 9. gr. Móta og keppnisreglna FSÍ.

Allar athugasemdir, spurningar eða ábendingar skulu sendar á skrifstofu FSÍ sem kemur þeim áleiðis til TK eða á netfangið tk@fimleikasamband.is.

Nefndin óskar keppendum, þjálfurum, dómurum og starfsfólki góðs gengis og góðrar skemmtunar á komandi mótum FSÍ.

FSÍ áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.

Gangi ykkur vel – áfram íslenskir fimleikar!
Tækninefnd karla (TK)